

Minnisblað – 8. mars 2016

1503437 Iðnskólinn í Hafnarfirði og Tækniskólinn, sameining.

Inngangur:

Þann 24. júlí 1998 gera menntamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ með sér samning um rekstur Iðnskólans í Hafnarfirði. Í 1. gr. samningsins segir:

„Samningsaðilar hafa staðið að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði og hyggjast gera það áfram í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Þar sem húsakostur Iðnskólans í Hafnarfirði þarfnast verulegra endurbóta og uppbyggingar hafa samningsaðilar ákveðið að með útboði verði leitað til einkaaðila um að leggja skólanum til húsnæði sem sniðið verður að þörfum hans. Þannig munu ríkið og Hafnarfjarðarbær ekki byggja og eiga húsnæði skólans heldur leigja af þeim sem niðurstöðu útboðsins segja til um og greiða fyrir það leigu í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Markmið þessa fyrirkomulags um útvegum húsnæðis fyrir skólann og rekstur þess er að tryggja skólanum framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði með sem hagkvæmustum hætti.“

Í framhaldi af gerð ofangreinds samnings er verkefnið boðið út. Eftir útboð er gerður samningur um útvegum og leigu á húsnæði og þjónustu- og viðhaldsverkefnum fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði. Verkaupar eru menntamálaráðuneytið v/Iðnskólans í Hafnarfirði, fjármálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbær. Verktakar eru Nýsir hf. og Ístak hf. í samstarfi við Íslandsbanka. Upphaf leigutíma samkvæmt samningnum skyldi vera 15. ágúst 1999 og skyldi hann gilda til 15. ágúst 2024. Að leigutíma loknum hefur skólinn forleigurétt að húsnæðinu. Samningurinn er undirritaður 18. desember 1998. Þann 29. janúar 2000 er gert samkomulag milli aðila þess efnis að leigugreiðslur skuli hefjast 1. janúar 2000 og að samningurinn um leiguna skuli vera til 31. desember 2024, að öðru leyti er samningurinn frá 18. desember 1998 óbreyttur.

Sumarið 2015 sameinuðust Tækniskólinn og Iðnskólinn í Hafnarfirði. Tækniskólinn er einkarekinn framhaldsskóli og er rekstarfélagið um skólann í eigu eftirtalinn aðila: Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands og er rekstarformið einkahlutafélag. Samkvæmt samþykktum skólans, er eigendum ekki heimilt að taka út fjárhagslegan arð.

Viðfangsefnið:

Eftir sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði við Tækniskólann hefur áfram verið gerð krafa um að Hafnarfjörður greiði húsaleigu vegna húsnæðis skólans í Hafnarfirði.



Eins og rakið er að framan þá var gerður samningur 18. desember 1998 um húsnæði Iðnskólans í Hafnarfirði og gildir hann til 31. desember 2024 og er fyrst uppsegjanlegur 16. ágúst 2024. **Ekki verður annað séð en að Hafnarfjörður sé bundinn af þeim samningi gagnvart samningsaðilum samningsins.**

Samningurinn frá 1998 er gerður í tíð eldri laga um framhaldsskóla þ.e. lög nr. 80/1996, nú gilda lög nr. 92/2008.

Í 48. gr. laga nr. 92/2008 er gert ráð fyrir að sé húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskóla sé það háð samkomulagi við aðra eignaraðila.

Nú er svo komið að Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur verið sameinaður Tækniskólanum, sem er einkarekinn framhaldsskóli. Þá er spurt er um verulega breytingu að ræða þar sem skólinn er ekki lengur opinber framhaldsskóli heldur einkaskóli og koma ríki og Hafnarfjarðarbær ekki lengur að rekstrinum. Í fyrrgreindum samningi frá 24. júlí 1998 er kveðið á um á um að samningsaðilar hafi staðið að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði saman og ráðgeri að gera það áfram. Þá er kveðið á um það í samningnum að markmið samningsins sé að tryggja framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði.

Í 48. gr. laga nr. 92/2008 er mælt fyrir um að samráð vegna breyttrar nýtingar á opinberu skólahúsnæði og þá segir í 2. mgr. 48. gr. að sé húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskóla skuli eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um.

Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar er áfram rekinn framhaldsskóli í húsnæðinu en eins og áður segir ekki opinber framhaldsskóli heldur einkaskóli. Ráðstöfun húsnæðisins til einkarekins framhaldsskóla getur falið í sér veruleg frávík frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og rakið hefur verið. **Verður talið að ríkið þurfi að hafa samráð við Hafnarfjarðarbæ um þá ráðstöfun og leita samþykkis bæjarins fyrir henni.**

Markmið samninganna sem gerðir voru á árinu 1998 var að tryggja skólanum framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði.

Tækniskólinn ehf hefur tekið við rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær kom að því ásamt ríki að tryggja framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði og stóðu ríki og bær að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði.

Eftir stendur sú spurning hvort Hafnarfjarðarbæ eigi áfram að koma að því markmiði að tryggja framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði, þegar um einkarekinn framhaldsskóla er að ræða.

Sigríður Kristinsdóttir hrl.

bæjarlögmaður